



Farþegaskilmálar almenningssvagna á vegum Reykjanessbæjar

1. Skilgreiningar

„Farþegi“

- merkir hvern þann einstakling sem greiðir fyrir flutning með almenningssvögnum.

„Fargjald“

- er annars vegar staðgreitt (reiðufé eða farmiðar)
- og hins vegar kort, ýmist tímabils- eða árskort.

„Handfarangur“

- Þýðir farangur sem farþegi hefur í vörslu sinni á meðan á ferð hans stendur í almenningssvögnum

2. Fargjald

Farþega ber að greiða fargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá sem Reykjanessbær ákveður hverju sinni.

Farmiðar og strætókort eru ekki endurgreidd.

Afsláttargjöld eru í boði fyrir eftirfarandi hópa:

- Börn 6-18 ára
- Aldraðir (67 ára og eldri)
- Öryrkjar
- Næmar 18 ára og eldri

Einungis afsláttarhafa hafa heimild til að nota afsláttarfargjaldið. Öðrum er óheimilt að nota fargjaldið. Sé afsláttarkort notað án heimildar mun það ógilda fargjaldið.

2.1 Staðfesting á notkun afsláttargjalds

Vagnstjóri og/eða eftirlitsmaður getur óskað eftir því að farþegi staðfesti rétt sinn til að nota afsláttargjald.

Telji vagnstjóri og/eða eftirlitsmaður að rétt fargjald hafi ekki verið innt af hendi kann það að leiða til þess að farþega verði vísað úr vagninum og geta þeir sem verða uppvísir að slíku athæfi eða notkun, átt von á að verða kærðir til lögreglu.

3. Reglur um borð

Á meðan á ferð stendur eru farþegar skuldbundnir að hlíta fyrirmælum vagnstjóra.

Farþegar skulu sýna hver öðrum gagnkvæma tillitssemi og kurteisi á meðan á ferð stendur.

Brjótir farþegar almennar viðurkenndar hátternisreglur eða sýna að öðru leyti af sér óæskilega framkomu í almenningssvögnum gagnvart öðrum farþegum ellegar vagnstjóra kann það að leiða til þess að farþega verði vísað úr vagninum og átt von á að kallað verði til lögreglu.



Börn yngri en þriggja ára verða að nota viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- eða verndarbúnað. Viðskiptavinir þurfa að koma með eigin öryggis- eða verndarbúnað fyrir börn sem eru yngri en þriggja ára.

Vagnstjóra er heimilt að synja farþega um flutning á varningi eða farangri sem fyrir fram má ætla að hafi áhrif á líðan eða heilsu annarra farþega á meðan á ferð stendur, t.d. vegna lyktar, hávaða eða stærðar.

Heimilt er að:

- Taka með sér farangur um borð en miðað er við að farþegi geti borið farangurinn um borð ein síns liðs. Þjónustuveitandi ber ekki ábyrgð á farangri farþega nema ef slys, óhapp eða annar ófyrirséður atburður á sér stað.
- Ferðast með reiðhjól, hlaupahjól, barnavagna, barnakerrur í vögnum strætó, meðan rými leyfir. Barnavagnar og hjólastólar hafa forgang og geta hjólreiðamenn þátt það á hættu að vera vísað úr vagninum með hjól sín.
- Neyta matar og drykkju um borð í vögnum, en gæta þarf almenns hreinlætis og snyrtimennsku.

Óheimilt er að:

- Ferðast með gæludýr í almenningsvögnum.
 - Gæludýr til aðstoðar blindum og fötluðum einstaklingum samkvæmt læknisráði eru heimil.
- Ferðast með sprengiefni, eldfim efni, íðefni og eiturefni.
- Ferðast með byssur, skotvopn eða annað sem ætla má að sé vopn í almenningsvögnum.

4. Ferðareglur fyrir börn

Börn sem ferðast með almenningsvögnum eru á ábyrgð foreldra og forráðamanna.

Þá vekur Reykjanesbær athygli á 92. gr. barnaverndarlaga um útivistartíma barna.

Börn mega ferðast ein með almenningsvögnum frá og með 15. ágúst árið sem þau verða 6 ára.

Yngri börn þurfa að vera í fylgd með einstaklingi 15 ára eða eldri. Þjónustuveitandi almenningsvagna ber ekki ábyrgð á börnum í vögnunum sínum, þar með talið hvort þau farið inn eða út á tilgreindum stað. Börn sem ferðast með almenningsvögnum eru á ábyrgð forráðamanna sinna.

5. Seinkun á brottför eða aflýsing ferða

Um akstur almenningsvagna fer samkvæmt gildandi tímatöflu hverju sinni.

Reykjanesbær og þjónustuveitandi almenningsvagna áskilur sér rétt til að aflýsa ferðum og/eða gera breytingar á þeim vegna óviðráðanlegra orsaka sem þau fá engu um ráðið, t.d. slæmra veðurskilyrða, verkfalla eða annarra tilfallandi aðstæðna.

Reykjanesbær og þjónustuveitandi almenningsvagna bera ekki ábyrgð á beinum eða óbeinum kostnaði eða tjóni sem farþegi verður fyrir ef ferð er felld niður eða seinkar af óviðráðanlegum orsökum.



Ef ferð er aflýst eða brottför seinkar á farþegi rétt á því að fá upplýsingar um stöðu mála um leið og hún er ljós, þ.m.t. nýja brottfara- og komutíma. Upplýsingar má nálgast í gegnum tilkynningar á heimasíðu Strætó, www.straeto.is, eða á Facebook síðunni Strætó í Reykjanesbæ.

Þjónustuveitandi ber skaðabótaábyrgð á farþegum, farangri, handfarangri ef tjónið verður rakið til saknæmrar háttsemi vagnstjóra.

6. Slys, tjón eða óhöpp

Farþegar um borð í almenningsvögnum á vegum Reykjanesbæjar eru tryggðir samkvæmt lögum um farþegaflutninga og frumflutninga á landi nr. 28/2017.

Ef farþegi verður fyrir óhappi í vagni skal láta vagnstjóra vita, hafi hann ekki orðið þess var. Vakstjóri þjónustuveitenda ber ábyrgð á að fyllta út tjónaskýrslu. Framhald málsins ræðst af alvarleika þess, t.d. hvort kalla þurfi til sjúkrabíl og lögreglu, þjónustuveitandi ber ábyrgð á eftirfylgni mála.

7. Breytingar

Reykjanesbær og þjónustuveitandi almenningavagna áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum, gjaldskrá og áætlunum hvenær sem er þó að undangengnum tilkynningum og auglýsingum á heimasíðu Reykjanesbæjar og eftir atvikum í fjölmiðlum.

8. Lögsaga

Rísi ágreiningur milli þjónustuveitenda almenningavagna og farþega um veitta þjónustu skulu aðilar leitast við að leysa hann utan dómstóla. Takist það ekki skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

9. Gildistaka

Skilmálar þessir öðlast gildi frá og með 10. mars 2026 og skulu gilda um alla flutninga á farþegum með almenningsvögnum á vegum Reykjanesbæjar.